

GJALDSKRÁ

velferðarsviðs Reykjavíkurborgar fyrir félagslega heimaþjónustu.

1. gr.

Upphæð gjalds.

Gjald fyrir hverja unna vinnustund á dagvinnutíma vegna heimaþjónustu í formi þrifa á heimili er kr. 1.295.

Þjónusta umfram sex vinnustundir á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus.

Önnur félagsleg heimaþjónusta, þ.e. umönnunarþjónusta á dagvinnutíma og kvöld- og helgarþjónusta er endurgjaldslaus.

2. gr.

Undanþága frá greiðslu/lækkun greiðslu.

Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir notendur sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Þeir notendur heimaþjónustu sem hafa tekjur umfram tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eða samsvarandi fjárhæð greiða aldrei hærri upphæð fyrir þjónustu en sem nemur 50% af umframtekjum.

3. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er á grundvelli 25. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Gjaldskráin var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 1. desember 2020 og öðlast gildi við birtingu og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1378/2019.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 9. desember 2020.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2021